



Mái 2025

Ágætu félagar

Gleðilegt sumar

Veturinn er liðinn og sumarið hefur aldeilis byrjað vel um allt land. Við í stjórn Félags uppbyggingar sjálfsaga – uppeldi til ábyrgðar þökkum kærlega fyrir starfið í vetur.

Haustið byrjaði vel með námskeiðum vítt og breytt um landið og heimsókn Rebecca Grey sem hélt námskeið bæði fyrir austan og á höfuðborgarsvæðinu.

Búið er að bóka nokkur námskeið í ágúst. Þar má fyrst nefna grunnnámskeið (Restitution I/UTÁ1) sem haldið verður í Rimaskóla, Reykjavík dagana 11. – 12. ágúst. Kennarar verða Guðlaug Erla Gunnarsdóttir og Hildur Karlsdóttir. Skráning er hafin á heimasíðu félagsins og um að gera að ganga frá skráninu sem fyrst, fyrstur kemur fyrstur fær. Námskeiðið er opið öllum sem vilja kynnast hugmyndafræði Uppbyggingar og hvernig hægt er að vinna með nemendum á öllum skólastigum. Skráning er á heimasíðu félagsins: uppbygging.is

Námskeið verða einnig haldin á Ísafirði og er það á vegum fræðslufirvalda þar. Á Akureyri verður einnig námskeið á vegum tveggja skóla á svæðinu. Í haust verður síðan námskeið á Höfn í Hornafirði.

Við hvetjum ykkur til að hafa samband sem fyrst ef áhugi er fyrir námskeiði eða styttri fræðslu. Við höfum gert töluvert af því að vera með fræðslufundi í 2-3 klst. fyrir starfsmenn skóla. Ef flestir starfsmenn hafa farið á grunnnámskeið en þurfa smá upprifjun er gott að hafa slíka fræðslu. Þetta hefur oftast verið unnið m.v. þarfir viðkomandi skóla. Svo endilega hafið samband sem fyrst ef þið hafið áhuga á slíku t.d. á starfsdegi hjá ykkur næsta vetur.

Ef ykkur vantar úti- og innifána með merki félagsins fást þeir hjá gjaldkera sveinbjorn.njalsson@gmail.com Fánarnir eru seldir á kostnaðarverði. Þetta er kjörin gjöf fyrir foreldrafélög eða aðra sem vilja gefa skóla eitthvað í lok skólaársins. Einnig eru til hjá Sveinbirni taupokar, lyklakippubönd, bækur og fleira.

Sumarið 2026 – spennandi tímar – allt að gerast 😊

Lesið meira á næstu síðu 😊

Já, ekki er ráð nema í tíma sé tekið. Stjórnin er byrjuð að skipuleggja námskeið í Englandi, nánar tiltekið í Brighton 10. – 12. júní 2026. Boðið verður upp á þrjú námskeið á þessum dögum og því tilvalið fyrir starfsmannahópa að skella sér, þarna verður eitthvað fyrir alla. Gist verður á Leonardo Royal Hotel sem stendur alveg við ströndina í Brighton. Allir leiðbeinendur hafa verið að kenna og vinna með Uppbyggingu í fjölda mörg ár og búa yfir hafsþjó af fróðleik og góðum ráðum.

10. – 11. júní verður Joel Shimoji með námskeið Restitution in the Classroom fyrir kennra/starfsfólk/stjórnendur sem vinna með eldri nemendum (ca 12 – 16 ára). Þetta námskeið er ætlað þeim sem hafa lokið grunnnámskeiði/Restitution 1 og hafa verið að nýta uppbygginguna í skólastarfi/vinnu. Áherslan verður á hagnýta vinnu og hvernig hægt er að tengja uppbyggingu við námið og krefjandi námskrá. Þátttakendur koma til með að læra alls konar leiki auk þess að vinna með bókmenntir og ýmsa miðla/forrit til að efla skilning nemenda. Námskeiðið fer fram á ensku.

10. og 12. júní verða Elín Yngvadóttir og Fanney D. Halldórsdóttir með grunnnámskeið/Restitution1 Á þessu námskeiði verður farið yfir grunnatriði kenninga Restitution og hvernig einstaklingar geta nýtt aðferðir uppbyggingar til að efla sjálfsþekkingu, skilning á eigin hegðun og stuðning við aðra – bæði börn og fullorðna. Námskeiðið hentar þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í notkun aðferðanna eða vilja rifja upp grunninn.

Lögð verður áhersla á að skilja áhrif grunnþarfa á hegðun og hvernig hægt er að bregðast við af jákvæðni og með virðingu. Þátttakendur fá tækifæri til að læra hvernig hægt er að byggja upp ábyrgð og sjálfstjórn án refsinga eða umbunar og skoða hvernig sameiginlegar reglur og sáttmálar geta stutt við heilbrigð samskipti og traust í samskiptum. Námskeiðið fer fram á íslensku.

11. – 12. júní verður Heather Campbell með námskeið um Restitution in the classroom fyrir kennara/starfsfólk/stjórnendur sem vinna með yngri nemendum (ca 2-12 ára). Þátttakendur kynnst ýmsum aðferðum þar sem hægt er að tengja saman nám yngri nemenda og uppbyggingu. Áherslan verður á hagnýt verkefni og leiðir til að tengja uppbyggingu inn í allt starf skólans. Einnig verður áhersla á hvernig nýta má uppbyggingu með nemendum með ýmsar sérþarfir. Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa lokið grunnnámskeiði/Restitution 1 og hafa unnið með stefnuna og þekkja hana vel. Námskeiðið fer fram á ensku.

Nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins, sjá uppbygging.is

Best er að skrá sig sem fyrst því um takmarkaðan sæta- og herbergjafjölda verður að ræða

Svooo ekki bíða, skráðu þig strax og taktu félaga þína með, já allan hópinn. Skellið ykkur á frábæran stað um leið og skóla lýkur 2026. Yndislegt upphaf sumarleyfisins. Námskeiðið er styrkhæft frá KÍ og fleiri stéttarfélögum.

Fyrir hönd stjórnar þakka ég ykkur öllum fyrir veturinn og við hlökkum til næsta vetrar með ykkur í uppbyggjandi starfi.

Guðbjörg M. Sveinsdóttir, formaður félagsins Uppbygging sjálfsaga


Netfang: gudbjorgmsv@gmail.com

UPPBYGGING SJÁLFSAGA

UPPELDI TIL ÁBYRGÐAR



Brighton



NÁMSKEIÐ 10.-12. JÚNÍ 2026

„Fáðu innblástur og faglega uppbyggingu
í einstöku umhverfi!“

Gisting og námskeið verður á Leonardo Royal Hotel sem staðsett er alveg við ströndina. Námskeiðið er styrkhæft frá Kennarasambandi Íslands og fleiri stéttarfelögum.

NÁMSKEIÐSHALDARAR: JOEL SHIMOJI

Með námskeiðið Lifandi Uppbygging. Námskeið um Uppbyggingu í kennslustofunni (Restitution in the Classroom) fyrir kennara og starfsfólk sem vinna mest með eldri nemendum (ca. 12-16 ára).

HEATHER CAMPBELL

Með námskeiðið Uppbygging fyrir yngri nemendum. Námskeið um Uppbyggingu í kennslustofunni (Restitution in the Classroom) fyrir kennara og starfsfólk sem vinnur mest með yngri nemendum (ca 3-12 ára) og þeim nemendum sem þurfa stuðþjónustu.

ELÍN OG FANNEY

Með grunnnámskeiði í Uppbygging sjálfsgaga (Restitution). Námskeið fyrir alla sem vilja dýpka sjálfsþekkingu sína og læra aðferðir til að styðja við jökvæð samskipti við börn og fullorðna, án refsinga eða umbunar. Við skoðum áhrif grunnþarfa á hegðun og hvernig við getum byggt upp ábyrgð, traust og sjálfsgaga.



Uppbygging sjálfsgaga (e. Restitution) er hugmyndafræði sem styður við sjálfsgaga, ábyrgð og virðingu. Með aðferðum Uppbyggingar geta allir lært að taka ábyrgð á eigin orðum og gjörðum, styrkja sjálfstraust sitt og leita leiða til að mæta eigin grunnþörfum án þess að ganga á rétt annarra.



SKANNAÐU MIG
FYRIR FREKARI UPPLÝSINGAR!

UPPBYGGING.IS